

# STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1973

---

7. nóvember 1973.

279

Nr. 88.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

3. gr., 1. mgr., orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*